

**M-70/2019. Álit 20. janúar 2020.**

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-70/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 14. október 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar á kaupunum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 22. október 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin 4. nóvember 2019. Hinn 5. nóvember 2019 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar sama dag. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Hyundai Santa Fe, árgerð 2006, af seljanda þann 9. september 2019 fyrir 450.000 krónur. Bifreiðinni hafi verið ekið um 161.000 km við kaupin. Þremur dögum fyrir kaupin skoðaði álitsbeiðandi bifreiðina með sjónrænni skoðun og prufukeyrslu. Við gangsetningu á bifreiðinni komu fram gangtruflanir og í mælaborði logaði vélarljósið „Check engine“. Þegar bifreiðinni var ekið af stað í prufuakstri hurfu gangtruflanirnar en þær virtust vera til staðar þegar bifreiðin var í lausagangi. Við skoðunina kveðst álitsbeiðandi hafa spurt seljanda hvort kannað hafi verið um orsök vélarljóssins. Seljandi sagði að það hafi verið skoðað með tölvulestri á bifvéla verkstæði og var orsökkin talin vera eldsneytisgangur eða bensínsía. Þá kvaðst seljandi hafa blandað hvataefni við bensín í tanki bifreiðarinnar sem virtist stöðva gangtruflanirnar. Seljandi brást ekki að öðru leyti við bilanagreiningunni. Álitsbeiðandi kveðst hafa sætt sig við þetta og gengið var frá kaupunum.

Degi eftir kaupin var bifreiðinni ekkert ekið að sögn álitsbeiðanda. Þann 11. september 2019 var bifreiðinni ekið áleiðis til Stykkishólms. Við enda Hafnarfjalls kviknaði olíuljósið í mælaborði en engin merki voru um ofhitnun. Bifreiðinni var því ekið að Borgarnesi þar sem athugað var með stöðu olíu á kvarða og bætt við olíu. Vélarljósið logaði en ekið var áfram eftir um það bil 40 mínútna stopp í Borgarnesi. Olíuljósið kviknaði þá að nýju og eftir 25 mínútur í akstri komu fram gangtruflanir. Eftir 15 mínútna hlé var ekið áfram, olíuljósið slokknaði en gangtruflanir voru enn til staðar. Olíuljósið kviknaði svo að nýju og gangtruflanirnar voru orðnar töluverðar. Var þá ákveðið að láta draga bifreiðina að Vegamótum og ferja hana degi síðar með vörubíl á bifvéla verkstæði til skoðunar.

Þann 13. september 2019 var skipt um olíu og kerti á verkstæðinu þar sem þau litu illa út að sögn bifvéla virkja. Vél bifreiðarinnar var lesin í ástandstölvu og var niðurstaðan „villa á stimplum 4 og 6“. Var næst skipt um háspennukefli en það dugði ekki til að vél bifreiðarinnar

gengi eðlilega. Vélin var þá þjöppumæld og þar kom í ljós að engin þjöppun var á stimplum 4 og 6. Ekkert fannst athugavert við eldsneytiskerfi bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi greiddi 75.083 krónur í viðgerðarkostnað en áætlaður viðgerðarkostnaður vegna vélarbilunarinnar er um 400.000 til 500.000 krónur. Bifreiðinni hefur frá kaupdegi verið ekið um 145 km.

Haft var samband við starfsmann bílasölnunnar, sem hafði milligöngu um kaupin, og var honum kynnt ástand bifreiðarinnar. Starfsmaðurinn hafði samband við seljanda sem kvaðst hissa á stöðunni og vildi fá tíma til að skoða málið. Álitsbeiðandi krafðist þá riftunar á kaupunum en seljandi hafnaði þeirri kröfu. Bauðst seljandi til að greiða 150.000 krónur vegna bilunarinnar en álitsbeiðandi hafnaði því tilboði.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og seljanda hafi líklega verið kunnugt um hann við sölu. Að mati álitsbeiðanda var ástand bifreiðarinnar verra en gefið var í skyn við kaupin. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að hann hafi átt bifreiðina frá því hann keypti hana nýja og kveðst hann ávallt hafa sinnt eðlilegu viðhaldi á bifreiðinni. Sumarið 2019 keypti seljandi sér nýja bifreið og hætti að nota bifreiðina sem álitsbeiðandi festi síðar kaup á. Viðvörundarljós hafði kviknað í mælaborði bifreiðarinnar og lét seljandi athuga það á verkstæði í maí árið 2019. Við tölvulestur kom fram að ljósið væri vegna eldsneytiskerfis en bifreiðin var þó nothæf og telur seljandi ekkert hafa gefið til kynna að alvarleg bilun væri yfirvofandi.

Seljandi ákvað að selja bifreiðina í því ástandi sem hún var og kaupanda yrði kynnt rækilega að vélarljós logaði í bifreiðinni. Var bifreiðin seld á lægra verði en sambærilegar bifreiðar vegna vélarljóssins. Álitsbeiðandi skoðaði bifreiðina og var að sögn seljanda upplýstur um allt sem vitað var um vélarljósið á þeim tímapunkti, sem seljandi taldi líklegast stafa af bilun í eldsneytiskerfi eftir skoðun á verkstæði. Að sögn seljanda var ljóst við skoðun álitsbeiðanda að hægagangur bifreiðarinnar var ekki eðlilegur. Seljandi sagði álitsbeiðanda einnig að hann hafði notað íblöndunarefni í eldsneyti og þá hafi bifreiðin gengið betur. Tekið var fram í kaupsamningi að kaupanda væri kunnugt um að vélarljós logaði.

Seljandi kveðst ekki hafa vitað að stærra bilun væri til staðar eða væri yfirvofandi. Þá bendir seljandi á að ekki sé vitað hvað var gert við bifreiðina þá tvo daga sem álitsbeiðandi hafði hann í vörslum sínum áður en bilunin kom upp. Að sögn seljanda var bilunin sannarlega ekki til staðar þegar bifreiðin var seld þar sem hún var að fullu gangfær og hafði alltaf verið. Þá sé ekki vitað hvort bilunin tengist vélarljósinu eða gangtruflunum. Seljandi hafnar kröfu álitsbeiðanda.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda ítrekar álitsbeiðandi að bifreiðinni hafi ekkert verið ekið eftir kaupin, að undanskildum akstri frá bílasölnunni, fyrr en lagt var af stað til Stykkishólms þann 11. september 2019.

#### VI

##### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, enda hefur umboðsmaður seljanda atvinnu sína af sölu, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Hyundai Santa Fe, þann 9. september 2019 fyrir 450.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2006 og var því um 13 ára á kaupdegi og hafði við kaupin verið ekið um 161.000 km. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin sé haldin galla og krefst riftunar á kaupunum.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 9. september 2019, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í því sambandi ber að líta til þess að álitsbeiðandi fékk upplýsingar um vélarljós í mælaborði og gangtruflanir bifreiðarinnar. Þá lá fyrir að seljandi hafði ekki gripið til viðeigandi úrræða vegna þessa en hann kvaðst hafa blandað efni við eldsneyti bifreiðarinnar sem virtist laga gangtruflanirnar. Verður ekki annað séð en að seljandi hafi veitt allar þær upplýsingar sem hann hafði um bifreiðina.

Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Við skoðun varð álitsbeiðandi var við truflanir á gangi bifreiðarinnar auk þess sem vélarljós logaði í mælaborði. Aðspurður sagði seljandi að samkvæmt tölvulestri væri bilun talin vera í eldsneytisgangi eða bensínsíu bifreiðarinnar. Nefndin telur að ummæli seljanda hafi ekki falið í sér staðfestingu á orsök vélarljóssins eða gangtruflana heldur hafi í þeim falist takmarkaðar upplýsingar um þær orsakir sem taldar voru mögulegar við skoðun í maí sama ár. Getur nefndin ekki fallist á að bifreiðin hafi verið haldin galla á þeim grundvelli.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Ljóst er að bifreiðin er biluð og kom umfang bilunarinnar endanlega í ljós tveimur dögum eftir kaupin. Við skoðun á bifreiðinni logaði vélarljós í mælaborði auk þess sem gangtruflana varð vart við gangsetningu og þegar bifreiðin var í lausagangi. Sérstaklega var tekið fram í kaupsamningi og afsali að álitsbeiðanda væri kunnugt um að vélarljós logaði í bifreiðinni. Bifreiðin var 13 ára gömul á kaupdegi og hafði verið ekið um 161.000 km. Ekki er unnt að gera ráð fyrir því að bifreiðar sem hafa náð 13 ára aldri, verið keyrðar slíkar vegalengdir og eru keyptar á aðeins 450.000 krónur muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða sem jafnframt geta orðið kostnaðarsamar. Þegar viðvörunarljós loga í mælaborði og truflanir eru á gangi bifreiða gefur það kaupendum tilefni til að framfylgja skoðunarskyldu sinni með sérstaklega vönduðum hætti fyrir kaupin. Gefur slíkt sterklega til kynna að bifreiðin sé nú þegar biluð eða kunni að bila fljótlega.

Þegar lítið er til framangreinds getur nefndin ekki fallist á það að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson